



Borgarráð

Lagt er til að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Njálsgötu 9 og Grettisgötu 10 og umhverfi þess.

Greinargerð

Reykjavíkurborg er eigandi að Njálsgötu 9 og Grettisgötu 10 en um er að ræða eignir þar sem áður var starfræktur leikskólinn Njálborg. Grettisgata 10 er auð leikskólalóð en á Njálsgötu 9 standa byggingar sem samanlagt eru um 430 fermetrar.

Æskilegt er að skipuleggja svæðið sem myndi miða að því að auka nýtingu á lóðinni í samræmi við markmið borgarinnar um góða borgarþróun eins og hún er tilgreind í aðalskipulagi.

Húsin að Njálsgötu 9 standa auð eftir að leikskólinn flutti þaðan út haustið 2023. Eignaskrifstofu verði falið að skoða hvernig hægt verði að nýta húsin til bráðabyrgða á meðan unnið er nýtt skipulag.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri